

Atlantsolía ehf  
Lónsbraut 2  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 24.8.2023  
UST202306-183/G.S.O.  
08.09.02

### Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 15. júní 2022 þar sem stofnunin áformaði að áminna rekstraraðila vegna frávíks er fram kom í eftirliti í olúubirgðastöð Atlantsolíu, Hafnarfirði, þann 30. mars 2023.

Frávikið var eftirfarandi:

1. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar skv. þeim lista er fram kemur í gr 4.1 í starfsleyfi. Skráningum er ábótavant. Upplýsingar vantar á mánaðablöð, sem og í rekstrarhandbók og skráningar um viðhald og mælingar eru ekki reglulegar. **Rekstraraðili hefur brugðist við og hefur bætt úr skráningum.**

**Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávíkinu lokið.**

Farið verður yfir skráningarnar í næsta eftirliti. Verði þær ekki fullnægjandi mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávíka frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023. **Gjaldið er 38.000 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
sviðsstjóri

Gunnhildur Sif Oddsdóttir  
lögfræðingur